

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands.

Hjúkrunarskóli Íslands.

Hústjórnmáttáskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 2., 3. og 4. ár (sérdeildir).

Nýi hjúkrunarskólinn.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: Kennaradeildir Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.

Vélskólar.

Proskafjálfskóli Íslands.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhátt skv. 1. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. desember 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 645 2. desember 1981, um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. in fine þ. e. setningin: „en þó ekki lengur en til kl. 12,00 á hádegi 20. desember 1981“, er hér með felld úr gildi. Önnur ákvæði málsgreinarinnar standa óbreytt.